26/12–'99. Viðaukablað við 7. blað „Ganglera“.

## Smælki og smámolar.

Einu sinni þjónaði prestur nokkur á Álptanesi Garðaprestakalli, sem var að sögn mjög bráður maður í lund. Hann hafði þann sið, að reyna börnin í ýmsu öðru en kunnáttunni í kverinu einu. áður en hann fermdi þau og sérstaklega áminnti hann þau um að þau skyldu búa sig undir það, að geta lesið sem flestar og beztar bænir áður þau yrðu fermd. Nú var það vor eitt, að miklar sjógæftir voru og mokfiskirí fyrir hvítasunnuna sem var seint um vorið því sumarpáskar höfðu verið, en á hvítasunnudag átti að ferma. Þegar prestur spurði börnin á uppst.dag sagði hann þeim að næsta sunnudag ætlaði hann að spyrja þau út úr bænunum og öðru er þau kynnu. Meðal fermingarbarnanna var drengur einn sem kveið svo ósköp fyrir þessum degi, að hann kom skælandi heim og hitti þá fyrstan manna einn af formönnum prests sem þótti nóg orðið um sjósóknina og kendi presti það að menn hans hefðu fengju hvíldir alt vorið. Form. spyr drenginn hvað að honum gangi og segir dr. að það sé ekki annað en það, að presturinn hafi „uppá lagt“ krökkunum að kunna nokkrar bænir næst þegar hann yfirheyrði þau, en dr. kvaðst enga bæn kunna og kvaðst óttast að pr. gerði sig aptur reka ef hann komi svo illa undirbúinn, enda hefði prestur hótað börnunum því. „Eg skal kenna þér bænarstúf drengur minn“, segir form. Verður drengurinn þá fegnari en frá megi segja og býðst til að útvega honum ofurlítið tár af br.v. hjá honum pabba sínum, því hann viti að hann eigi það til. Það verður því að samningum milli drengs og form. að form. á að kenna honum eina bæn fyrir næsta sunnud. ef dr. geti látið hann fá eina flösku á uppstigningardagskvöldið. Drengur kemur með flöskuna, en um kensluna veit enginn. Næsta sunnudag mætir drengur með hinum börnunum í kirkjunni með presti og er mjög drjúgur yfir því við hina strákana að það yrði einhver gerður apturreka annar en hann eða fremur en hann, því hann sagðist hafa lært svo anzi góða bæn, sem kennari sinn hefði sagt sér að enginn mundi kunna áður. Krakkarnir verða allir öfundsjúkir og iðandi af forvitni á að heyra hvað drengur hafi lært og bíða mjög óþreyjufullir eptir því að drengnum komi sem sat næstur þeim utasta við allar spurningar.

Nú kemur prestur að honum og segir: Þú munt ekki kunna margar bænir ~~drengur~~ Lindi minn (dr. hét Erl.)

„Nei, ekki margar“, segir dr., „en ég kann þó eina“. „Jæja, sko til; það er nóg lambið mitt, og lofaðu mér að heyra.

Já, jú, „Álptnesingur inn úti liggur og aldrei sefur, dregur hann meira en drottinn gefur, sá dyggða snauði maðka nefur“ og ég kann nú ekki fleiri og hana nú“.

Prestur varð bæði hryggur og reiður, ~~gaf~~ drengnum ~~duglegan~~ löðrung og ~~rak hann út~~.

því hann hélt að einhver hefði búið til þessa vísu um sig og kent strák hana af skömmum sínum enda gerði hann dr. aptur reka í það sinn. Bolli.

## Sýnishorn af vestfirzku.

Ég var einusinni staddur niðri á hafi í suðaustan sperru og gröfustu baráttu. Við vorum lítið búnir að fiska og gátum því eigi siglt. Róður gekk lítið og ég sagði við Svend Jusson, að við skyldum skipsa upp. Hann tók strax á móti, tekur að sér áslátlinn og tvo beztu mennina, fórir sig í skinnstakinn (og) setur á sig róðrarband og dregur sig í háls. Bolli.

## Kettlomir.

Forlög kattanna eru mjög margvísleg í hinum ýmsu löndum. Á Egyptalandi voru þeir tignaðir eins og guðir, smurðir dauðir og jarðaðir í grafhvelfingum. Kæmi eldur upp í húsi hjá egypzkum manni forðaði hann fyrst kisu sinni og síðan konu og börnum. Aptur á móti var það siður í sumum borgum í Evrópu að brenna kött á Jónsmessu með mikilli viðhöfn.

Buffon segir, at kötturinn sé sérdrægur og óáreiðanlegur sjórn. Rossean tekur þará móti kettina fram yfir hundana, því at kötturinn hafi, segir hann, ~~hels~~ verndað frelsi sitt, en hundurinn hafi látið mennina beygja sig. Petrarka þótti mjög vænt um ketti og Muhamed skar, eins og kunnugt er, stykki úr skykkju sinni, til þess að vekja ekki köttinn sinn, sem lá sofandi á henni. Skáldin hafa orkt mörg lofkvæðin um kettina og málararnir hafa fegrað þá á málverkum sínum. Hinn nafntogaði svissneski málari, Gottfried, málaði ekkert annað en ketti. Sönglagahöfundurinn Weyse hefir samið mjög skemmtilegt lag, þar sem hann leitast við að stæla vein og mjálm kattanna.

Fleirum þykir nú vænt um kisu sína en Bolla, sem þýtt hefir þessar línur.

## Haustblær.

Nú er horfin sumarsæla, svífur hausti að;
grundin bliknar, grösin fölna, grætur visnað blað.
Alt sem vermdi sumarsólin, sorgar hjúp nú ber;
Kári blæs og kólna tekur, komið haustið er.

— " —

Skuggalegur drúpir dalur, deyja blómin fríð;
hnípin standa stráin litlu er studdi vorsól blíð.
Lömbin kát nú leika eigi, langur bölum á.
Fossinum heyrist þungan hljóm a, hamrasölum frá.

— " —

Fuglar eru frá oss horfnir, fögrum meður hreim;
þeir til suðurlanda svifu (ég sá á eptir þeim).
Ó, hve fagurt fuglar kveða farar ljóðin sín;
fuglarnir og blómin blíðu eru bezta unun mín.

— " —

Aldan upp við ströndu stynur, sterk~~um meður hljóm~~ með votu hljóði;
brimið öskrar æðislega, eltt af jötun móð.
Haustblær liggur yfir öllu, ei þó kvíða ber;
á eptir hríðar sveiflum svörnum, sumar fáum vér.

— " — Bolli.

Ritstjórn: Jón Pálss. áb.m. Oddur Oddss. Guðm. Guðmundss. jr. og Gísli Jónss.